



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 11. september 2017

Haldinn í Skúrinni við veitingastaðinn Húsið. Fundur settur kl. 12:07. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Birgir Örn Birgisson, Harpa Guðmundsdóttir, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri, Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð og Yngvi Páll Gunnlaugsson.

1. Æfingaferð á Patreksfjörð
Yngvi fór yfir það hvernig tiltókst með æfingaferð til Patreksfjarðar og Tálknafjarðar. Mikil ánægja með ferðina sem nýttist vel.
2. Leikmannamál
Farið yfir stöðu leikmannamála og rætt sérstaklega um einstök mál sem upp hafa komið á síðustu vikum. Yngvi fór yfir stöðuna og greindi stjórn frá. Ingólfi og Birgi Erni falin afmörkuð verkefni þessu tengt. Að lokum rætt um leyfismál Nemanja Knezevic sem unnið verður að á næstu dögum.
3. Fundartími í vetur og upplýsingaflæði milli stjórnar og yfirþjálfara
Rætt um mikilvægi þess að bæta upplýsingaflæði milli stjórnar og yfirþjálfara. Liður í því er að festa fundartíma sem yfirþjálfari getur sótt þegar þess þarf. Fastur fundartími settur á fimmtudögum kl. 19:45 annan hvern fimmtudag eða eftir þörfum. Einnig ákveðið að setja upp hóp á Facebook þar sem stjórn og yfirþjálfari geta átt í samskiptum utan fundartíma.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 13:05.